

**Skýrsla yfir starf á vegum þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um áhrif
siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu (2017.is)**

2013-2014

Stýrihópur hefur yfirumsjón með starfinu, en eftirtaldir hópar eru starfandi á vegum verkefnisins: guðfræðihópur, menningarhópur, samfélagshópur og femíniskur hópur. Tengiliður sem jafnframt er meðlimur í stýrihópnum er ábyrgur fyrir starfinu í hópnum.

Í undirbúningi er útgáfa greinasafns og hafa tuttugu höfundar sent inn hugmyndir að greinum. Fyrirhugað er að greinasafnið komi út 2017.

Á síðasta starfsári voru haldin málþing og staðið fyrir málstofum, en einnig var haldin bíósýning á vegum verkefnisins.

Málþing:

10. maí 2013 kl. 14:00–16:00 í stofu 303 í Árnagarði

Yfirskrift: Hið skapandi þunglyndi

Dagskrá:

Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor: „Úr djúpinu ákalla ég þig

Drottinn.“ Melankólía sem drifkraftur í siðbót Marteins Lúthers.

Sveinn Yngvi Eglisson prófessor: Svarti engillinn. Depurð og sköpun á 19. öld.

Dagný Kristjánsdóttir prófessor: Missir og söknuður.

Um ljóðabókina Söknuð eftir Matthías Johannessen.

Málþingsstjóri: Hjalti Hugason prófessor.

3. október 2013 kl. 14–16 í stofu 210 í Stapa v/Hringbraut

Yfirskrift: Hugtök og heiti í siðaskiptarannsóknum

Dagskrá:

Gunnar Kristjánsson prófastur: Um gildi gildishlaðinna hugtaka.

Hjalti Hugason prófessor: Hugtök til að skapa rými.

Margrét Eggertsdóttir rannsóknaprófessor: Galdraöld og önnur ónefni.

Málþingsstjóri: Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor.

Málstofur:

11. apríl 2013

Loftur Guttormsson: (Hjá)trú og vísindi á rétttrúnaðaröld. Lagt út af dæmum í ritum Gísla Oddssonar biskups (1593–1638).

31. október 2013

Arnfríður Guðmundsdóttir: Staða lúthersrannsókna 2013

5. febrúar 2014

Ævar Kjartansson: Voru Þingeyingar únitarar um aldamótin 1900?

23. apríl 2014

Pétur Pétursson: Kirkjuskilningur – stefnur og straumar á Íslandi á 20.öld.

Bíósýning:

19. mars 2014 kl. 16 var bíómyndin *Luther* frá árinu 2003 sýnd í Odda 101, HÍ.